

Mánudaginn 13. desember 1971.

Nr. 70/1970. **Hörður Þorgilsson**
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
 gegn
Jóni Guðnasyni
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1970 og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, var áfrýjandi starfsmaður, verkstjóri, Byggingafélagsins Brúar h/f haustið 1966, er stefndi réðst til starfa við byggingu Borgarsjúkrahússins í Fossvogi, sem byggingafélagið var aðalverktaki við að reisa. Var áfrýjanda greidd föst mánaðarlaun fyrir starf sitt, en fékk ekki greidda meistaraþóknun af launum múrarasveina þeirra, er við bygginguna unnu, og samkvæmt yfirlýsingu Byggingafélagsins Brúar h/f bar það ábyrgð á göllum, sem fram kynnu að koma á verkum, unnum á þess vegum, og svo á greiðslu vinnulauna. Auk þess greiddi byggingafélagið gjöld til stéttarfélaga vegna þeirra manna, sem unnu undir verkstjórn iðnmeistara á þess vegum.

Á vinnulista frá Byggingafélaginu Brú h/f yfir dagana 6. til 12. marz 1966 kvittar stefndi athugasemdalaust fyrir 5.000 króna launum vegna vinnu við Borgarsjúkrahúsið.

Á skattframtal sitt 1967 fyrir skattárið 1966 færir stefndi, að hann hafi fengið greidd laun, kr. 112.238.00, frá Byggingafélaginu Brú h/f, og jafnframt, að hann eigi inni hjá því kr. 7.500.00.

Þá hefur stefndi, eins og í héraðsdómi greinir, borið, að honum hafi verið kunnugt um, að Byggingafélagið Brú h/f hafi verið verktaki við Borgarsjúkrahúsið, a. m. k. að vissu marki, en hann ekki vitað, að áfrýjandi ynni hjá því félagi, er hann réðst til starfa þar, enda ekkert um það hugsað.

Hilmar Guðlaugsson, formaður Múrarafélags Reykjavíkur, hefur skýrt svo frá, að þegar vanskil fóru að verða á launagreiðslum frá Byggingafélaginu Brú h/f og vart hafi orðið við, að ekki væri allt með felldu um fjárhag þess, hafi áfrýjanda verið tilkynnt bréflega, að ef ekki yrðu gerð skil á vangoldnum vinnulaunum, mundi koma til vinnustöðvunar við Borgarsjúkrahúsið, og hafi svo orðið. Auk Múrarafélags Reykjavíkur hafi Verkamannafélagið Dagsbrún og Trésmiðafélag Reykjavíkur staðið að vinnustöðvun þessari, sem síðan hafi verið aflétt, er greiddar voru úr borgarsjóði Reykjavíkur kr. 730.000.00 upp í vangoldin vinnulaun, en í yfirlýsingu, dags. 5. desember 1966, undirritaðri af formönnum greindra stéttarfélaga, segir svo: „Verkamannafélagið Dagsbrún, Trésmiðafélag Reykjavíkur og Múrarafélag Reykjavíkur lýsa því yfir, að þau aflétta hér með vinnustöðvun þessara félaga gagnvart Byggingafélaginu Brú h.f., þar eð Brú h.f. hefur greitt upp í vinnulaun kr. 730.000.00, og er því jafnframt lýst yfir, að ekki komi til verkstöðvunar gagnvart borgarsjóði vegna vanskila Brúar h.f. á vinnulaunum. Til félagsmanna ofangreindra félaga“.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram bréf Múrarafélags Reykjavíkur, dags. 28. desember 1965, til áfrýjanda, þar sem segir: „Kaupgreiðslur til múrara á þínum vegum hjá Byggingafélaginu Brú h/f hafa ekki komið að undanförunu á réttum tíma á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur.

Samkvæmt samningi félaga okkar skulu allar kaupgreiðslur til múrara koma á skrifstofu félagsins á fimmtud. Verði misbrestur á því, er í samningnum gert ráð fyrir 4 dögum til að leiðrétta slík brot.

Nú er það krafa okkar, að þú sjáir um, að greiðslur til múrara, sem vinna á þínum vegum, komi ekki seinna en kl.

3 á föstud. e. h. Bregðist það einhvern föstud., t. d. föstud. 7. jan. 1966, verður öll vinna múrara á þínum vegum stöðvuð frá og með mánud. 10. jan. 1966 og ekki hafin aftur í viðkomandi byggingum, fyrr en fullkomin trygging sé lögð fram fyrir skilvísnum greiðslum í framtíðinni.

Sú ósvífni, sem kom fram s.l. föstud. hjá Byggingafél. Brú h/f eða forstjóra þess, að greiða ekki vinnulaun fyrr en eftir kl. 12 á aðfangadag, verður ekki lengur þoluð. Eins viljum við taka fram, að þegar við tölum um föstud., þá er það virkur föstud., en ekki föstud., sem ber upp á hátíðisd., þá kemur fimmtud. í staðinn.

Við erum búnir að sýna Brú eða forstjóra þess svo mikið umburðarlyndi s.l. ár, en ekkert hefur dugað til, að hann stæði við það samkomulag, sem gert hefur verið við hann, svo við munum ekki í framtíðinni neitt við Brú eða forstjóra þess tala, en eingöngu snúa okkur til þín um allt, sem við kemur múrurunum, enda ert þú samkvæmt samningi sá aðili, sem við eigum að leita til“.

Þegar virt er það, er nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til málavaxtalýsingar í héraðsdómi, verður ábyrgð á launagreiðslum þeim til stefnda, sem mál þetta er af risið, eigi lögð á áfrýjanda, enda hefur stefnda mátt vera það ljóst, er hann réðst til starfa við byggingu Borgarsjúkrahússins eða hóf að vinna þar, að áfrýjandi starfaði sem verkstjóri við byggingu þessa á vegum Byggingafélagsins Brúar h/f. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hörður Þorgilsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Guðnasonar.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. febrúar 1970, hefur Jón Guðna-son múrari, Goðheimum 11, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóm-inum með stefnu, útgefinni 7. maí 1968, á hendur Herði Þorgils-yni múrarameistara, Miðtúni 82 hér í borg, til greiðslu á van-goldnum vinnulaunum, orlofi, sjúkrasjóðsgjaldi og lífeyrissjóðs-gjaldi að upphæð kr. 5.854.12 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. nóv-ember 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði dæmdur máls-kostnaður að mati réttarins.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu, að haustið 1966 hafi stefnandi, sem er múrari að iðn, unnið við byggingu Borgar-sjúkrahússins í Fossvogi. Uppmæling verksins hafi farið fram 12. nóvember 1966 og verið gerð af mælingafulltrúa Múrarafé-lags Reykjavíkur. Stefnukrafan sé eftirstöðvar af kaupi vegna vinnu stefnanda við sjúkrahúsið, sem honum hafi ekki tekizt að innheimta þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hafi því verið nauðsyn-legt að höfða mál þetta til þess að fá úr því skorið, hver beri ábyrgð á greiðslu kaupsins.

Þann 1. september 1967 ritar lögmaður stefnanda stefnda í máli þessu bréf, þar sem lögmaðurinn tilkynnir honum, að Múr-arafélag Reykjavíkur og múrararnir, sem hjá honum unnu í Borgarsjúkrahúsinu, hafi beðið sig að tilkynna honum, að þeir mundu gera hann ábyrgan fyrir greiðslu vangoldinna vinnulauna til þeirra múrarasveina, sem hjá honum unnu í Borgarsjúkra-húsinu, að svo miklu leyti sem vinnulaun þessi fáið ekki greidd frá Byggingafélaginu Brú h/f.

Lögmaðurinn tekur fram, að þótt sveinarnir lýsi kröfum sín-um í þrotabú Brúar h/f, felist ekki í því nein viðurkenning á því, að hann beri ekki ábyrgð á vinnulaununum, enda hafi Múr-arafélag Reykjavíkur kaup- og kjarasamning við Múrarameistara-félag Reykjavíkur, en engan kjarasamning við Byggingafélagið Brú h/f. Sveinarnir hafi unnið hjá honum eftir kjarasamningi við hans eigið félag og telji því, að hann beri ábyrgð á greiðslu vinnulaunanna til þeirra.

Þessu bréfi lögmanns stefnanda svarar Magnús Fr. Árnason lögmaður með bréfi 20. september 1967, þar sem hann f. h. stefnda, Harðar Þorgilssonar, vísar á bug öllum kröfum þeirra múrarasveina, sem unnu í Borgarsjúkrahúsinu, þar sem þeir

voru í vinnu hjá Byggingafélaginu Brú, en ekki hjá Herði Þorgilssyni.

Jafnframt sendir lögmaðurinn yfirlýsingu frá Byggingafélaginu Brú þess efnis, að félagið lýsi því yfir, að það eitt beri ábyrgð á öllum þeim göllum, er fram kunna að hafa komið nú eða kunna síðar að koma í ljós við þær byggingar, er múrarameistarar félagsins hafa staðið fyrir og koma til með að standa fyrir á vegum félagsins. Enn fremur beri félagið alla ábyrgð á öllum greiðslum vinnulaua og öðrum greiðslum við þær byggingar. Yfirlýsing þessi er dagsett í Reykjavík 6. október 1965.

Þann 20. nóvember 1967 ritar lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem lögmaðurinn tilkynnir, að Múrarafélag Reykjavíkur hafi falið sér að innheimta hjá honum vinnulaun stefnanda fyrir vinnu hans við Borgarsjúkrahúsið, kr. 5.854.12, auk vaxta og innheimtukostnaðar.

Þann 7. maí 1968 er útgefin stefna á hendur stefnda, Herði Þorgilssyni, eins og fyrr segir, til greiðslu ofangreindrar skuldar.

Báðir málsaðiljar hafa komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslur.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi farið suður í Fossvog og hitt stefnda þar á vinnustað og spurt hann, hvort hann gæti fengið vinnu við Borgarsjúkrahúsið. Stefndi hafi sagt, að það vantaði menn, og ráðið sig þar á staðum. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður.

Stefnandi kveðst hafa vitað, að Byggingafélagið Brú var verk-taki við Borgarsjúkrahúsið, a. m. k. að vissu marki, en hann kveðst ekki hafa vitað, að stefndi vann hjá félaginu, þegar ráðning fór fram, enda hafi hann ekkert um það spurt eða út í það hugsað. Hann kveðst ekkert hafa þekkt stefnda, aðeins vitað, hver hann var.

Hann kveðst hafa fengið allar kaupgreiðslur í gegnum skrifstofu múrarafélagsins, en með greiðslurnar til skrifstofunnar hafi stefndi o. fl. komið, eftir því sem formaður Múrarafélagsins hafi sagt sér.

Fyrir dóminum var stefnanda sýnt dskj. nr. 26, en það er vinnulisti, þar sem stefnandi hefur kvittað fyrir kr. 5.000.00, en vinnuveitadi var tilgreindur Byggingafélagið Brú h/f. Hann kvaðst ekkert hafa hugsað út í það, þegar hann kvittaði á skýrsluna, hver væri vinnuveitandi, en kvaðst ekki geta betur munað en að þessi greiðsla hafi farið fram á skrifstofu múrarafélagsins. Hann var nánar út í þetta spurður og kvaðst þá alls ekki minnst

þess, að hann hafi athugað sérstaklega frá hverjum vinnuskýrslan var í hvert skipti, sem hann kvittaði fyrir kaup.

Stefnandi og stefndi voru samprófaðir fyrir dómi. Stefndi Hörður kvaðst ekki minnst þess, að hann hefði tekið sérstaklega fram við stefnanda, að hann væri ráðinn hjá Byggingafélaginu Brú. Hann kvaðst heldur ekki hafa minnst á það við stefnanda, að hann væri ekki ráðinn í vinnu til sín. Um þetta atriði voru stefnandi og stefndi sammála.

Stefndi tók hins vegar fram, að stefnanda og öðrum sveinum hefði verið ljóst, að hann var aðeins verkstjóri, ekki verktaki. Stefndi skýrði svo frá, að hann hafi verið ráðinn múrarameistari við Borgarsjúkrahúsið. Hann kvaðst ekki hafa fengið meistaraþóknun af launum stefnanda eða annarra sveina og sjálfur hafi hann aðeins verið ráðinn upp á mánaðarkaup hjá félaginu. Aftur á móti hafi hann skrifað vinnulista, sem síðar fóru til skrifstofu Byggingafélagsins Brúar, og borgaði Brú síðan vinnulaunin á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur.

Stefnandi hélt því fram, að hann hefði fengið launamiða frá stefnda. Stefndi Hörður kvað þar rangt frá skýrt, að hann hefði afhent stefnanda launamiða við framtal, því að hann hafi ekkert haft með skrifstofustörf að gera fyrir Byggingafélagið Brú.

Stefnandi skýrði þetta nánar þannig, að launamiði hefði komið til sín með launum þeim, sem hann hefði talið, að væru frá Herði í gegnum múrarafélagið. Þegar málsaðiljar voru nánar spurðir um þetta, kvað Hörður sig ekki hafa komið með laun Jóns né launamiða á skrifstofu múrarafélagsins, en hins vegar gæti það verið, að hann hefði komið tvisvar eða þrisvar með laun frá Byggingafélaginu Brú til Múrarafélags Reykjavíkur á því tímabili, sem hann vann hjá Brú. Stefndi tók fram í þessu sambandi, að mælingar, sem komu af skrifstofu sveinafélagsins til meistarafélagsins, hafi hann aldrei sótt, heldur starfsmenn Byggingafélagsins Brúar, og borgaði það gjöld og skyldur af þeim.

Stefnandi Jón tók fram í þessu sambandi, að allar mælingar hafi verið utanáskrifaðar til Harðar og viðkomandi sveins. Þetta kvað stefndi Hörður vera rétt, en skrifstofa múrarameistarafélagsins tilkynnti þessar mælingar til Byggingafélagsins Brúar, sem borgaði skatta og skyldur af þeim mælingum. Stefndi Hörður tók fram, að á þessum tíma hafi hann ekki sjálfur verið verktaki við Borgarsjúkrahúsið, en orðið það, eftir að Byggingafélagið Brú varð gjaldþrota.

Stefnda Herði var kynnt yfirlýsing frá Byggingafélaginu Brú,

dagsett 6.október 1965. Hann kvað skjal þetta vera lagt fram í málinu til að sýna, að bréfaskriftir hafi farið fram um langan tíma milli Múrarafélags Reykjavíkur og Byggingafélagsins Brúar þangað til undir lokin, að Brú var að verða gjaldþrota. Þá fór múrarafélagið að senda sér eitt eða tvö bréf. Hann kvaðst aldrei hafa fengið kvartanir út af vangreiðslu til múrara fyrr en undir lokin. Í þessu sambandi tók stefndi fram, að Byggingafélagið Brú hefði gefið þá yfirlýsingu, að það bæri ábyrgð á göllum, sem fram kynnu að koma á verkinu, til þess að undirstrika, að verkstjórar félagsins hafi verið launþegar, en ekki sjálfstæðir aðiljar.

Við samprófun málsaðilja náðist ekki frekara samræmi í fram-
burði þeirra.

Þá hefur Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Brúar h/f á þeim tíma, sem hér um ræðir, komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að Byggingafélagið Brú hefði starfað yfir 20 ár og haft fleiri hundruð manna í vinnu, bæði meistara og sveina. Forstjórinn sagði, að sér kæmi það einkennilega fyrir sjónir, ef þessir menn hefðu ekki talið sig vinna hjá fyrirtækinu Brú, því að bæði hefði byggingafélagið greitt þeim kaup svo og gjöld til viðkomandi félaga af þeim mönnum, er það hafði í vinnu. Þá hafi félagið enn fremur gefið upp til skatts öll laun þeirra og skilað launamiðum.

Stefndi, Hörður Þorgilsson, hafi verið starfsmaður Brúar og ekki haft neitt sjálfstætt verk við Borgarsjúkrahúsið, hvorki hluta af ágóða né annað og engar prósentur fengið af vinnu-launum.

Forstjórinn gat þess, að greiðsla til múrarasveina hafi farið fram á þann hátt, að Byggingafélagið Brú sendi greiðslurnar niður á skrifstofu múrarafélagsins og greiddi þau gjöld, sem greiða þurfti til þess, en múrarafélagið kvittaði á skýrslurnar. Þó kom það fyrir, að múrurum var greitt beint.

Gerð vinnuskýrslna fór þannig fram, að verkstjórar félagsins skráðu tíma verkamanna á aukaskýrslur, sem síðan var skilað niður á skrifstofu Brúar, en þar voru tímarnir dregnir saman og reiknaðir út á aðalskýrslu, þannig að út komu heildarlaun hvers starfsmanns yfir vikuna. Síðan voru launin færð inn á nafn viðkomandi á aðalskýrslu, og sýnir dskj. nr. 26, hvernig slík skýrsla leit út.

Þá hefur Hilmar Guðlaugsson, formaður Múrarafélags Reykjavíkur, komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að venjulegar launa-

greiðslur til múrara færu fram þannig, að allar launagreiðslur fari í gegnum skrifstofu múrarafélagsins. Atvinnurekandinn komi með þessar greiðslur á fimmtudögum, sem starfsmaður múrarafélagsins greiði aftur á föstudögum.

Uppmælingar séu framkvæmdar þannig, að sérstakur mælingafulltrúi mæli upp viðkomandi verk. Þessum uppmælingum skili mælingafulltrúinn á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur og séu skýrslurnar venjulega í þríriti og haldi sveinninn einu afriti, skrifstofa múrarafélagsins öðru og þriðja fari til skrifstofu Múrarameistarafélags Reykjavíkur til endurskoðunar. Um leið greiði þá skrifstofa múrarameistarafélagsins þau gjöld af uppmælingunum, sem skráð eru sérstaklega á uppmælingablöðin, en það er 1% sjúkrasjóðsgjald og 3.6% lífeyrissjóðsgjald. Enn fremur greiði þá skrifstofan líka uppmælingargjaldið, sem múrarameistarinn dragi svo aftur af launum sveina sinna.

Hann var að því spurður, hvort honum væri kunnugt um, hvaðan greiðslur hefðu komið til múrarafélagsins í sambandi við þá, er unnu við Borgarsjúkrahúsið á árinu 1966. Hann svaraði því til, að sér væri kunnugt um, að fleiri en einn aðili hefðu komið með greiðslur fyrir þá sveina, sem við Borgarsjúkrahúsið unnu. Hörður Þorgilsson hafi komið með greiðslur. Diðrik Helgason hafi einnig komið með greiðslur.

Hann sagði enn fremur, að sér hefði verið kunnugt um, að aðalverktakinn við Borgarsjúkrahúsið hefði verið Byggingafélagið Brú, og hafi oft verið komið með greiðslur frá því á skrifstofu félagsins.

Þá tók hann fram, að í mörgum tilfellum greiði aðalverktakinn múrarameistarannum laun þeirra manna, sem eru í vinnu hjá honum, og viti múrarafélagið um það og skipti sér ekki af því, hvort það er aðalverktakinn eða múrarameistarinn, sem komi með launin á skrifstofuna.

Honum var sýnt dskj. nr. 6, og tók hann fram í því sambandi, að greiðsla sú, sem þar um ræðir, hefði farið fram gegnum skrifstofu múrarafélagsins. Um greiðslufyrirkomulag samkvæmt vinnuskýrslunum tók hann fram, að tvenns konar háttur hefði verið á hafður. Í fyrsta lagi hafi verið komið með vinnuskýrslur í tvíriti á skrifstofu múrarafélagsins ásamt þeirri peningaupphæð, sem greiða átti. Í öðru lagi hafi aðeins verið komið með peningaupphæðina á skrifstofuna og vinnuskýrslurnar útbúnar á skrifstofu félagsins. Fyrirkomulag samkvæmt dskj. nr. 26 heyri undir fyrra tilvikid.

Þá hefur Diðrik Helgason mýrarameistari komið fyrir dóm. Hann kvaðst hafa starfað sem mýrarameistari við Borgarsjúkrahúsið f. h. Byggingafélagsins Brúar, sem var aðalverkttaki. Ekki kvaðst hann hafa ráðið mýrara til byggingarinnar. Það hafi annazt Guðmundur Halldórsson, sem var framkvæmdastjóri Brúar h/f um tíma, og eftir að hann hætti, hafi Sigurður H. Jónsson ráðið mýrarana.

Hann kvaðst aðeins hafa komið fram sem verkstjóri, þ. e. a. s. stjórnað verkinu, skrifað vinnuskýrslur og afhent þær skrifstofu Brúar h/f. Hann hafi haft fast mánaðarkaup og engar prósentur fengið af vinnulaunum.

Hann kvaðst ekki vita betur en að launagreiðslur til mýraranna hefðu jafnan verið sendar frá skrifstofu Brúar niður á skrifstofu mýrarafélagsins.

Þegar hann hætti störfum við Borgarsjúkrahúsið, hafi stefndi í máli þessu tekið við af sér. Meðan hann starfaði við Borgarsjúkrahúsið, kveðst hann hafa litið svo á, að mýrarar þeir, sem við sjúkrahúsið unnu, hafi ekki verið persónulega ráðnir til sín eða hann bæri ábyrgð á kaupgreiðslum til þeirra. Aftur á móti sé sér ókunnugt um, hvernig þessu hafi verið háttað, eftir að stefndi í máli þessu tók við.

Þá hefur Þórður Þórðarson komið fyrir dóm, en hann var formaður mýrarameistarafélagsins á þeim tíma, sem hér um ræðir. Hann lýsti því yfir, að sér væri ekki sérstaklega kunnugt um, hvernig ráðningarkjörum mýrara var háttað við bygginguna, en persónulega hafi hann litið svo á, að þeir væru ráðnir af Byggingafélaginu Brú. Hins vegar sé sér ekki kunnugt um, hvernig ráðningu Jóns Guðnasonar, stefnanda máls þessa, var háttað.

Hann tók fram, að á lóðinni fyrir norðaustan Borgarsjúkrahúsið hafi staðið skilti, þar sem skráð var, hverjir væru aðalverktakar við sjúkrahúsið. Á þetta skilti hafi einnig verið skráð, hverjir væru meistarar við verkið, hverjir hefðu teiknað bygginguna og hverjir ættu hana.

Hefur nú í meginatriðum verið rakið þar helzta, sem komið hefur fram í málinu við vitnaleiðslur og eftir öðrum gögnum.

Stefnandi reisir kröfur sínar einkum á því, að stefnandi sé félagi í Mýrarafélagi Reykjavíkur og stefndi félagi í Mýrarameistarafélagi Reykjavíkur. Þessir tveir aðiljar hafi á milli sín skríflegan kjarasamning um kaup og kjör mýrara, en samningur þessi sé í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og

vinnudeilur. Hvorugur aðilja málsins hafi slíkan samning við nokkurn annan aðilja. Stefnandi hafi unnið hjá stefnda samkvæmt framangreindum kjarasamningi og stefndi ráðið hann til verksins. Stefnandi hafi verið skráður meistari að verkinu og öll vinna undir hans stjórn unnin. Samkvæmt kjarasamningnum hafi múrarar í Múrarafélagi Reykjavíkur skuldbundið sig til að vinna ekki hjá öðrum en meðlimum í Múrarameistarafélagi Reykjavíkur. Af þessum ástæðum sé enginn vafi á greiðsluskyldu stefnda í máli þessu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki verið verktaki við byggingu Borgarsjúkrahússins, heldur aðeins starfsmaður Byggingafélagsins Brúar og unnið störf sín á mánaðarlaunum hjá félaginu. Hann hafi enga meistaraþóknun fengið af launum stefnanda eða annarra sveina, er hann hafði verkstjórn yfir.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er ágreiningslaust í málinu, að stefndi réð stefnanda til starfa við byggingu Borgarsjúkrahússins og hafði verkstjórn yfir honum. Það er enn fremur ágreiningslaust, að stefndi tók ekki fram við stefnanda í upphafi ráðningar hans, að hann væri ráðinn til Byggingafélagsins Brúar h/f. Þá er það ósannað gegn staðhæfingu stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi var ekki sjálfstæður verktaki, heldur starfsmaður Byggingafélagsins Brúar h/f.

Með hliðsjón af gildandi kjarasamningum milli Múrarafélags Reykjavíkur og Múrarameistarafélags Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 7, 9. og 10. grein, var sérstök ástæða fyrir stefnda að taka skýrt fram við stefnanda, í hvers umboði stefndi réð hann til starfa, ef hann vildi firra sig ábyrgð á ráðningu hans.

Þar sem stefndi lét undir höfuð leggjast að gera stefnanda skilmerkilega grein fyrir, hvernig réttarstöðu hans var háttáð gagnvart verktakanum, Byggingafélaginu Brú h/f, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á vinnulaunum hans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda stefnufjárhæðina, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælium, auk 7% ársvaxta, svo sem krafizt er, og kr. 3.285.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Þorgilsson, greiði stefnanda, Jóni Guðnasyri, kr. 5.854.12 auk 7% ársvaxta frá 12. nóvember 1966

til greiðsludags og kr. 3.285.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 78/1970. **Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Gunnlaugi Halldórssyni og

Guðmundi Kr. Kristinssyni

(Ragnar Jónsson hrl.)

Dánarbúi Jóns Eiríkssonar og

(Tómas Árnason hrl.)

Byggi h/f (Lúðvík Gizurarson hrl.)

og Gunnlaugur Halldórsson og

Guðmundur Kr. Kristinsson

gegn

Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur.

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1970. Hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 15. apríl 1970. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendur og stefndu verði dæmdir til að greiða óskipt kr. 910.268.00 með 8% ársvöxtum frá 27. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 19. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Þeir krefjast sýknu af